

Aðalfundur foreldrafélags Hrafnagilsskóla 16.september 2021

Fundur í matsal Hrafnagilsskóla kl. settur 20:35 og mættir eru 10 manns fyrir utan stjórnarmenn.

Stjórnarmenn kynna sig og mætt eru Anna Júlía, Garðar Kári, Susanne og Yairina en Jóhanna fjarverandi.

Linda Margrét var kosin fundarstjóri.

Skýrsla formanns, Garðar Kári fór yfir það sem foreldrafélagið hefur gert í vetur á þessum annars skrítnu tímum í samfélaginu okkar.

- keypt var í samstarfi við foreldrafélag leikskólans til notkunar í útikennslu í Aldísarlundi, eldstæði, pottur, teketill og lummupanna.
- jólakrúkkur með föndri og bakstursefni í stað hefðbundins jólaföndurs.
- merktar hettupeysur keyptar og gátu foreldrar keypt eina niðurgreidda peysu fyrir hvert barn.

Susanne fer yfir skýrslu gjaldkera og hún samþykkt. Staða á reikningi félagsins nú kr. 112.786.

Kosning nýrra stjórnarmanna en Jóhanna Gísladóttir og Yairina Rodriugez gefa ekki kost á sér áfram. Í þeirra stað koma nýjar í stjórn Linda Lárusdóttir og Anna María Sigfúsdóttir.

Finnur sveitarstjóri segir frá stöðu mála varðandi byggingarframkvæmdir við skólann. Framkvæmdir standa yfir á gólfi í íþróttahúsi en gólf var hækkað til að dempa hljóð á milli hæða og auka þannig möguleika á notkun á neðri hæðinni. Gert er ráð fyrir því að hægt sé að byggja ofan á leikskólann í framtíðinni en talað um að þessi viðbygging fjölgi plássum barna um rúmlega 30 frá því sem það er í dag. Viðbyggingin er um 900 fm og ein stofa þar tilheyrir grunnskólanum en núverandi leikskólabygging er um 600 fm og þar af eru um 100 fm ekki vel nýttir. Fyrsta skóflustungan verður tekin 19.september 2021 og framkvæmdir við jarðvinnu hefjast. Stefna er tekin á að nýta sumarfrí grunnskólans næsta sumar til að reisa einingar svo að byggingarframkvæmdirnar raski sem minnst starfi skólans. Teikningar eru ekki fullkláraðar en eru í vinnslu.

Spurningar frá fundargestum:

- varðandi viðhald á íþróttasal vegna leka/raka og flagnandi málningu á þakjárnri en viðhald er í farvegi þar.
- Spurt út í mötuneytið, en móttökueldhús verður í nýja leikskólanum eins og er núna.
- Fundargestir komu með athugasemd varðandi mikilvægi þess að hægt verði þar að halda matnum vel heitum.

Finnur opnaði fyrir almennar spurning tengdar sveitafélaginu, fundarstjóri samþykkir.

- Spurt var út í vegaf framkvæmdir og Finnur bendir á að þær séu á könnu Vegagerðarinnar en telur að þær séu að detta í útboð.
- Spurt út í viðhald á Hólavegi og fram kemur að það sé komið framkvæmdaleyfi á námu. Spurt út í staðsetningu gámasvæðis en það er enn óljóst hvar endanleg staðsetning verður.

- Fram kom að áætlað sé að grenndarstöð verði inn í hverfi þar sem þægilegt verði að koma að frá nýja afleggjaranum. Hinar grenndarstöðvarnar ekki komnar með staðsetningu.
- Ekki hefur verið tekin ákvörðun um það hvort að hætt verði að sækja flokkað rusl heim.

Finnur bendir á að starf leikskólans á tímum covid hafi verið brothætt og stundum hafi litlu munað að þurft hafi að senda leikskólabörn heim. Við höfum sloppið vel hér miðað við önnur sveitafélög.

Sigurjón fer yfir starf Samherja.

- félagið munar mikið um það að hafa ekki fengið neinar tekjur af handverkshátíðinni á tímum covid.
- rekstur félagsins verður að vera sjálfbær, er allt of háður handverkshátíðinni
- félagið fékk rekstarstyrk frá sveitarfélaginu í sumar og nýr samningur við það í vinnslu.
- æfingargjöld munu hækka en í lágmarki.
- minnt á frístundastyrk sveitafélagsins og styrk fyrir efnaminni fjölskyldur frá ríkinu.
- Nýjar greinar í boði hjá félaginu: fimleikar fyrir 1.-4.bekk, þrekkímar fyrir miðstig og unglíngastig og leikjaskóli fyrir 2.-5.ára. Athugið að bolta/leikjatímar hætta

Sigurjón er spurður út í æfingar, menntun þjálfara (td. Fimleikum) og hvort að æfingataflan sé klár. Æfingartaflan er í vinnslu og æfingar hafa ekki hafist vegna framkvæmda á gólfi í íþróttahúsinu. Reynt verður að 1.-4.bekkur ljúki sínum æfingum fyrir kl. 16:00 á daginn og 4.-5. bekkur á milli 16:00 og 17:00.

Önnur mál:

tillögur um fræðslu erindi fyrir nemendur og foreldra barna í skólanum:

- útikennsla
- ADHD
- trans
- tölvueinelti
- kvíða barna
- samfélagsmiðlafræðsla
- umferðarfræðsla

Rædd var hugmynd sem stjórnin fékk á síðasta skólaári, kassabílasmiðja og hvernig mögulegt væri að útfæra slíka hugmynd. Í framhaldinu kom fram hugmynd af kofasmíði og mögulega einfaldara að útfæra þá hugmynd.

Almenn ánægja með peysumálin meðal fundargesta sem og útiöldunarbúnaðinn í Aldísarlundi.

Fundi slitið kl. 21:50.